



**97. fundur Fjölskylduráðs Múlaþings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 5. mars 2024
og hófst hann kl. 12:30**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eyþórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eyþór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs og Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri

Áheyrnarfulltrúar leikskóla Heiðís Ragnarsdóttir, Sigríður Alda Ómarsdóttir og Erna Rut Rúnarsdóttir sátu 1.-3. lið. Áheyrnarfulltrúi grunnskóla Kristín Guðlaug Magnúsdóttir, Arna Magnúsdóttir og Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir sátu 2.- 6. lið. Áheyrnarfulltrúi tónlistarskóla Sóley Þrastardóttir sat 4. lið. Guðrún Sigríður Sigurðardóttir skólastjóri Bjarkatúns sat 1. lið. Anna Birna Einarsdóttir skólastjóri Fellaskóla og Drífa Sigurðardóttir skólastjóri Tónlistarskólans í Fellabæ sátu 4. lið. Kristín Guðlaug Magnúsdóttir skólastjóri Egilsstaðaskóla sat 5. lið.

Dagskrá:

1. 202401181 - Leikskólinn Bjarkatún skólaárið 2024 - 2025

Fyrir liggur minnisblað vegna fjölgunar barna í leikskólanum Bjarkatúni á næsta skólaári, 2024 - 2025.

Málið er áfram í vinnslu.

2. 202402238 - Veganfæði, erindi frá foreldrum

Fyrir liggur erindi frá Unni Borgþórsdóttur og Friðriki Bjarti Magnússyni, dagsett 21. 2. 2024, þar sem óskað er eftir að börnum í Múlaþingi standi til boða grænkerafæði í mótuneytum leik- og grunnskóla.

Fjölskylduráð tekur vel í erindið að svo stöddu. Fræðslustjóra er falið að taka saman kostnað og umfang þess að bjóða upp á grænkerafæði í mótuneytum leik- og grunnskóla áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

3. 202402226 - Áframhaldandi samráð um skólaþjónustu

Fyrir liggur erindi frá mennta- og barnamálaráðherra þar sem óskað er eftir áframhaldandi samráði um framtíðarskipan skólaþjónustu með því að senda inn umsögn vegna frumvarps til laga um inngildandi menntun.



Lagt fram til kynningar.

4. 202401139 - Húsnæðismál Fellaskóla

Fyrir liggur erindisbréf fyrir starfshóp um húsnæðismál Fellaskóla. Eftirfarandi eru tilnefndir í starfshópinn, fyrir meirihlutann er Björg Eypórsdóttir, fyrir minnihlutann er Jóhann Hjalti Þorsteinsson og fyrir hönd starfsfólks er Þórhalla Þráinsdóttir.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

5. 202401095 - Ytra mat Egilsstaðaskóli

Fyrir liggur staðfesting Menntamálastofnunar, dagsett 5. 2 2024, um að eftirfylgd með umbótum vegna ytra mats í Egilsstaðaskóla sé lokið.

Lagt fram til kynningar.

6. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30

